

Ed.

816. Frumvarp til laga

[165. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 32% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
- c. 35% skattsins renni í félagsheimilassjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal $\frac{1}{2}$ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en $\frac{1}{2}$ til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, er renni í byggingarsjóð þjóðleikhússins, þangað til byggingin er að fullu greidd.

3. gr.

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1950, 1951 og 1952 skal renna í byggingarsjóð þjóðleikhússins. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgreinar 14. gr. l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

4. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

5. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarskuld sú, er á þjóðleikhúsinu hvílir nú, er að fullu greidd. Um sama tíma skal frestað framkvæmd laga nr. 85/1947. Frá 1. júní 1950 eru úr gildi numin lög nr. 53/1949.